


framtíðar möguleika BA til lengingar á spyrnubraut sinni, samkvæmt tillögum þar um.

BA styður stækkun svæðis KKA til vesturs en með því skilyrði að sú stækkun sé í samræmi við fyrri tillögur að afmörkun einstakra svæða félaganna og þannig að framtíðar stækkunarmöguleikar BA séu ekki skertir.

6) Einnig barst bréf ódagsett frá Þorsteini Hjaltasyni f.h. KKA þar sem hann þakkar það sem gert hefur verið fyrir félagið en ítrekar jafnframt þörfina á því viðbótarsvæði sem félagið sótti um þ.e. suður að Gamla Hlíðarfjallsveginum.

*Frestað. Skipulagsstjóra er falið að afla nánari upplýsinga vegna innkominna athugasemda og upplýsinga frá lögreglu.*

Virðingarfyllst



Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar.*

*Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.*

*Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 28.1.2010

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 27. janúar 2010 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dagsett 18.11.2009 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur.

Skipulagsstjóri lagði einnig fram tillögu að stækkun svæðis KKA til vesturs og óskað var eftir umsögnum.

Umsagnir bárust frá:

1) Skotfélagi Akureyrar dags. 22.12.2009.

Athugasemdin er í tveimur hlutum, kort fylgir.

a) Gerð er athugasemd vegna fyrirhugaðrar brautar í nágrenni Glerár þar sem það myndi hafa verulegar truflanir á riffilbraut í för með sér. Í starfsleyfi er tekið fram að menn myndu hætta æfingum á riffilvelli ef einhver væri á ferð á Gamla Hlíðarfjallsveginum (skýringarmynd fylgir).

b) Fyrirhugaðar brautir liggja yfir svæði sem ætlað er fyrir vegalögn niður á skotsvæðið en það er mikilvægt að fá þennan veg. Ef vélhjólabraut verður gerð þarna þá þarf að finna lausn á aðkomu að skotsvæðinu.

2) Íþróttaráði dags. 17.12.2009.

Íþróttaráð telur nauðsynlegt að svæði félagsins verði stækkað og gerir engar athugasemdir við tillögu skipulagsnefndar. Það telur þó einnig vert að skoða framtíðaróskir KKA um stærra svæði.

3) Landsneti dags. 07.01.2010.

Landsnet telur að tillaga skipulagsnefndar á afmörkun svæðisins snerti ekki hagsmuni línunnar, ef fjarlægð akstursbrauta frá möstrum verður næg eða girðing á milli.

Landsnet telur jákvætt að fyrirhugað aksturssvæði sé utan línustæðis en ekki sé útilokað að samhæfa það ef tilskilin ákvæði um fjarlægðir í möstur og línur verða uppfyllt og ekki verði áhorfendaaðstaða við línustæðið.

4) Umhverfisnefnd 21.01.2010.

Meirihluti umhverfisnefndar leggst ekki gegn því að úthlutað verði svæði til þessara nota samkvæmt tillögu skipulagsnefndar. Þó vill nefndin að svæðinu verði aðeins úthlutað til bráðabirgða í t.d. 5 ár og þá verði þessi ákvörðun tekin til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Nefndin leggur á það áherslu að gætt verði hófs í röskun lands og KKA verði gert að gæta fyllsta öryggis og að landi verði alls ekki raskað utan brauta. Til greina kemur að láta girða svæðið af við Hlíðarfjallsveg. Nefndin telur að ekki komi til greina að leggja meira land undir þessa starfsemi á þessu svæði.

5) Frá Bílaklúbbi Akureyrar dags. 26.01.2010.

BA telur að sú stækkun sem KKA fer fram á gangi of langt til norðurs og rými